



Akstursíþróttasamband Íslands

## Fundargerð

Staður og tími: Zoom - fjarfundur - 4. október 2022 kl. 18:00

**Mættir aðalmenn:** Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Halldór Jóhannsson (HJ)

**Mættir varamenn:** Sigurjón Andersen (SA)

Fundinn sat einnig Bergur Þorri Benjamínsson framkvæmdastjóri.

**Fjarverandi:** Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS) og Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) aðalmenn, og Sigfús B Sverrisson (SBS) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

### 1. Fundur FIA eSport Commission

Tryggvi M Þórðarson óskar eftir stuðningi til að sækja fund FIA eSport Commission þann 30. október 2022 á Circuit Paul Ricard í suður Frakklandi.

Samþykkt að greiða fyrir flug og gistingu og leggja áherslu á að fá stutta skýrslu frá TMP um efni fundarins að honum loknum.

### 2. Starfshópur um fjölmiðlamál

Framkvæmdastjóri og HH fóru yfir stöðu málsins.

### 3. Sjálfboðaliðadagur FIA

FIA útnefnir sjálfboðaliða ársins og óskar eftir tillögum frá aðildarfélögum. HKS leggur til að AKÍS sendi inn tilnefningu, en frestur til að gera það rennur út 12. október n.k.

Ákveðið að kalla eftir einni tilnefningu frá hverju aðildarfélagi og heiðra alla tilnefnda á lokahófi AKÍS 5. nóvember. Valnefnd um Akstursíþróttafólk ársins verðu fengin til að velja hver tilnefndur verður til FIA.

### 4. FIA Immersion

Kolbrún Vignisdóttir var valin af FIA í sex manna hóp nýliða til að starfa í tengslum við Motorsport Games. Kolbrún er sú eina frá Evrópu sem var valin í hópinn.

Stjórnin fagnar vali FIA og ákvað að fela formanni og framkvæmdastjóra að útvega Kolbrúnu fatnað merktum Íslandi og AKÍS.

### 5. Lokahóf AKÍS

Sala miða gengur vel.

Samþykkt að hvetja alla stjórnarmenn til að mæta á lokahófið og leggja hönd á plóg við framkvæmd þess.

### 6. eSport

Hinrik Haraldsson, fyrir hönd GT akademíunni, hefur sent inn erindi þar sem óskað er eftir afstöðu stjórnarinnar til þátttöku í *Northern European Sports Masters*, sem er mótaröð í hermikappakstri.

Ákveðið að AKÍS lýsi yfir áhuga á þátttöku ef enginn kostnaður fellur á sambandið vegna þátttökunnar.



## 8. Önnur mál

**Glaðloft / NOS** - Í svari frá Linde kemur fram að fyrirtækið hefur hætt að flytja inn nitrous oxide (dinitrogen oxide) nema sem lyf.

**Orlof framkvæmdastjóra** - Framkvæmdastjóri verður í orlofi 11. nóvember - 2. desember.

**Tilkynningar um samskiptavandamál** - Upplýst var að inn á borð sambandsins hafa komið fjögur mál sem vísað hefur verið til meðferðar hjá Samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs, <https://www.isi.is/fraedsla/samskiptaradgjafi-ithrotta-og-aeskulydsstarfs/>.

Næsti fundur 18. október kl. 18.00 á Zoom.

Fundi slitið kl. 19.42